

**Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 11. október 2018 - R18100021**

|           |   |   |
|-----------|---|---|
|           | <b>Fundargerðir:</b>  |   |
|           |   |   |
|           |   |   |
|           |   |   |
|           | <b>Annað</b>  |   |
| R16050188 | Erindi Minjastofnun Íslands, dags. 4. október 2018, varðandi undirbúning friðlýsingar á gamla kirkjugarðinum við Aðalstræti | Sent borgarfulltrúum til kynningar og til umsagnar borgarlögmans. |
| R18100130 | Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um frekari þjónustu skrifstofu borgarstjórnar við kjörna fulltrúa                  | Sent skrifstofustjóra borgarstjórnar til umsagnar.                |
| R18100127 | Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þjölluhringingar og flautur á eineltisdeginum                                   | Sent skóla- og frístundasviði til meðferðar.                      |
| R18100037 | Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um jafnræði barna á félagsmiðstöðvum borgarinnar.                                  | Sent skóla- og frístundasviði til meðferðar.                      |
| R18100187 | Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um skipum vagnstjóra í stjórn Strætó bs.                                  | Sent samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til meðferðar.   |
| R18100131 | Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á húsnæði með starfsemi fyrir börn                                | Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.                   |
| R18100137 | Umsagnarbeiðni nefndarsviðs alþingis vegna frumvarps til laga um mannanöfn - 9. mál.  | Sent mannréttindaskrifstofu til umsagnar.                         |
| R17080091 | Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna bragga í Nauthólsvík  | Send skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.             |
| R17080091 | Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sundurliðaða úttekt vegna bragga í Nauthólsvík                        | Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.             |
| R17080091 | Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna samninga við verktaka vegna bragga í Nauthólsvík                   | Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.             |
| R18100133 | Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um eignaumsýsluverkefni sem vistuð eru á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar        | Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar                           |
| R18100135 | Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um verkefnið viti við Sæbraut  | Send Faxaflóahafnir til umsagnar.                                 |
| R18090078 | Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vináttuverkefni Barnaheilla  | Sent skóla- og frístundasviði til umsagnar.                       |
| R18080196 | Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna svars við fyrirspurn um hreyfingu á íbúðum hjá Félagsbústöðum             | Sent Félagsbústöðum hf. til umsagnar.                             |
| R18100132 | Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstrarerfiðleika hjá verktökum Strætó                               | Sent Strætó bs. til umsagnar.                                     |
| R18060132 | Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um afgreiðslu á tillögu um stofnun félags strætófarþega.               | Sent Strætó bs. til umsagnar.                                     |
| R18010072 | Yfirlit yfir viðskipti innkaupadeildar í september 2018.  | Sent borgarfulltrúum til kynningar.                               |
| R18060079 | Ályktun aðalfundar Íbúasamtaka Kjalarness um samgöngur á Kjalarnesi   | Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.                  |





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Borgarstjórinn í Reykjavík  
Dagur B. Eggertsson  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. október 2018  
MÍ201810-0022/7.01/ A.S.

## **Efni: Víkurgarður - Gamli kirkjugarðurinn við Aðalstræti - undirbúningur friðlýsingar**

Minjastofnun Íslands hefur ákveðið að hefja undirbúning tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra að friðlýsingu Víkurkirkjugarðs við Aðalstræti í Reykjavík (landnr. 100854). Samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 („minjalög“) má friðlýsa fornleifar sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.

Lagt er til að friðlýsingin taki til svæðis innan lóðarmarka Víkurgarðs sem sýnd eru á lóðarupprætti nr. 1.140.4 (fylgiskjal 2). Nánar tiltekið eru mörk lóðarinnar dregin um eftirtalda hnitapunkta í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar :

211 : X 22756.2080 / Y 18158.4307    212 : X 22716.8542 / Y 18144.2854  
213 : X 22720.6645 / Y 18136.0294    214 : X 22726.8662 / Y 18118.0701  
217 : X 22764.6578 / Y 18131.1201    218 : X 22765.5577 / Y 18133.0175

Ekki er gert ráð 100 m friðhelgu svæði utan marka þessara eins og heimilt er samkvæmt 22. gr. minjalaga.

Umrætt svæði telst nú þegar til friðaðra fornminja sökum aldurs, sbr. 3. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., sbr. 21. gr. minjalaga. Eins og tekið er fram í 2. mgr. 5. gr. minjalaga getur sérstök friðlýsing falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign til að tryggja sem best varðveislu menningarminja.


Þar sem aldursfriðun Víkurgarðs hefur að mati Minjastofnunar ekki verið virt með fullnægjandi hætti þá telur stofnunin nauðsynlegt að efla vernd minjanna með friðlýsingu.

**Lagt er til að friðlýsingin taki til leifa kirkju og kirkjugarðs og annarra minja innan lóðarmarka**

Í samræmi við 18. og 19. gr. minjalaga leggur Minjastofnun Íslands meðfylgjandi drög að friðlýsingarskilmálum fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Í skilmálunum kemur fram rökstuðningur Minjastofnunar Íslands með friðlýsingartillögunni.

Með vísan til 13. gr. stjórnáskilulaga nr. 37/1993, er yður hér með gefinn kostur á að koma á framfæri formlegum og efnislegum athugasemdum við friðlýsingartillöguna og hjálögð drög að friðlýsingarskilmálum (fylgiskjal 1). Minjastofnun Íslands væntir svars yðar eigi síðar en 15. október n.k. Hafi athugasemdir ekki borist fyrir þann tíma lítur Minjastofnun Íslands svo á að þér hafið ekki athugasemdir fram að færa við tillögu að friðlýsingu minjanna.

Virðingarfyllst,  
f. h. Minjastofnunar Íslands



Kristín Huld Sigurðardóttir,  
forstöðumaður

Samrit:

Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið

Míla ehf

Veitur ehf

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins

Kirkjugarðaráð

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Skráðir eigendur húseigna á aðliggjandi lóðum:

Aðalstræti 9

Aðalstræti 16

Thorvaldsenstræti 4-6

Kirkjustræti 2

Kirkjustræti 4-10

Fylgiskjöl:

1. Drög að friðlýsingarskilmálum fyrir landnúmer 100854
2. Lóðaruppdráttur nr. 1.140.4

## Friðlýsingarskilmálar / DRÖG



Minjastofnun  
Íslands

**Staður:** Víkurkirkjugarður – Gamli kirkjugarðurinn við Aðalstræti

**Sveitarfélag:** 0000 Reykjavík

**Landnúmer:** 100854

**Eigendur lóðar :** Reykjavíkurborg

### Fylgiskjöl sem eru hluti friðlýsingarskilmála:

Lóðaruppráttur þar sem er hið friðlýsta svæði er afmarkað með bleikri línu ásamt hnitaskrá.

### Umfang friðlýsingar:

Friðlýsingin tekur til leifa kirkju og kirkjugarðs og annarra fornminja innan lóðarmarka Víkurgarðs. Ekki er gert ráð 100 m friðhelgu svæði umhverfis garðinn sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 („minjalög“).

### Undanfari ákvörðunar um friðlýsingu:

Minjastofnun fundaði með skipulagsyfirvöldum og hagsmunaaðilum og var í öðrum samskiptum við þá í tengslum við aldursfriðaðar fornminjar í Víkurgarði. Að mati Minjastofnunar leiddu þau samskipti ekki til viðunandi aðgerða eða ráðstafana til að vernda mögulegar fornminjar í Víkurgarði. Því þykir rétt að auka vernd fornminja í Víkurgarði með sérstakri friðlýsingu á grundvelli minjalaga.

### Frekari rökstuðningur friðlýsingar:

Undir hellulögðu yfirborði Víkurgarðs liggur saga 1200 ára búsetu í Reykjavík. Ætla má að kirkja hafi risið á þessum stað fljótlega eftir kristnitöku en fyrstu rituðu heimildir um kirkju á þessum stað er kirknatal Páls Jónssonar biskups frá um 1200. Grafreitir var gerður við kirkjuna og mun hann hafa verið notaður um 800 ára skeið. Nokkuð hefur verið á garðinn gengið vegna gatna, lagna og bygginga sem að honum liggja. Seinasta kirkjan sem í garðinum stóð var rifin árið 1799 og var þá sléttað yfir grunninn. Víkurgarður þjónaði sem kirkjugarður Reykvíkinga fram til ársins 1838 er kirkjugarðurinn við Suðurgötu (Hólavallagarður) var tekinn í notkun. Eftir það var lítið grafið í garðinum. Ætla má að jarðneskar leifar 30 kynslóða Reykvíkinga hvíli í garðinum. Árið 1883 fékk H.J.G. Schierbeck umráð yfir kirkjugarðinum með það í huga að gera þar aldingarð. Enn stendur eitt tré, silfurreynir, af þeim sem hann gróðursetti í garðinum sumarið 1884. Er hann elsta, lifandi innflutta garðplantan í landinu og minnismarki um upphaf ræktunarmenningar (Bragi Bergsson, Almenningsgarðar í Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur skýrsla nr. 165, 2014, bls. 89-93). Núverandi yfirbragð garðsins er fremur fábrotið og fátt í umhverfinu minnir á fyrri tíðar sögu þessa elsta kirkjustæðis og kirkjugarðs Reykjavíkur.



Á aðaluppdráttum THG arkitekta Icelandair Hótelis á lóðinni Thorvaldsensstræti 2-4-6 og Aðalstræti 11 sem samþykktir voru af byggingarfulltrúa Reykjavíkur þann 15. maí 2018 er á afstöðumynd sýnt björgunarsvæði með sérstyrktu undirlagi fyrir tæki slökkviliðs innan lóðarmarka Víkurgarðs. Gerð þess mun þýða verulegt jarðrask í hinum forna garði og takmarka möguleika á að gera helgi og sögu staðarins hátt undir höfði. Þá er á grunnmynd 1. hæðar (2. hluti) hótelsins sýndur annar af tveimur aðalinngöngum í anddyri fyrir miðjum austurenda garðsins. Þetta þýðir að önnur megin aðkomuleið hótelgesta mun liggja um garðinn þar sem vesturútvæggur hótelsins liggur fast að lóðamörkum Víkurgarðs. Minjastofnun höfðu áður verið kynntar teikningar af 1. hæð hótelsins þar sem umræddur inngangur var ekki sýndur. Ekki var leitað álits Minjastofnunar á ofangreindum breytingum sem með beinum hætti varða yfirbragð, ásýnd og framtíðarmótun eins merkasta sögustaðar í borginni með aldursfriðuðum minjum. Framkvæmdaaðili fékk auk þess leyfi Reykjavíkurborgar til að nýta stóran hluta kirkjugarðsins sem athafnasvæði meðan á byggingafrankvæmdum stendur án heimildar Minjastofnunar Íslands.

Með tillögu sinni að friðlýsingu Víkurgarðsins vill Minjastofnun vernda og afstýra frekari spjöllum á merkjum menningarminjum og legstöðum innan garðsins og tryggja að framtíðarnýting hans og yfirbragð endurspegli helgi staðarins og gildi hans fyrir sögu Reykjavíkur. Þetta þýðir m.a. að sú kvöð er hér lögð á að engar framkvæmdir eða skipulagsaðgerðir má í ráðast á hinni friðlýstu eign nema í samráði við Minjastofnun og að fengnu sannanlegu samþykki stofnunarinnar.

## Lagarök

Um lagarök fyrir friðlýsingu vísast til minjalaga en þar kemur m.a. fram að:

Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja. (5. gr.)

Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám friðlýsingar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands. (18. gr.)

Minjastofnun Íslands skal láta þinglýsa friðlýsingu sem kvöð á eign þeirri sem í hlut á. (19. gr.)

Fornleifum jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. (21. gr.)

Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingafrankvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. (22. gr.)

Minjastofnun Íslands skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjastaðir séu auðkennd með sérstökum merkjum. (22. gr.)

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggja undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar. (23. gr.)

Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir. (23. gr.)

## Kvöð

Samkvæmt 5. og 18. gr. minjalaga mun friðlýsingarskilmálum þessum þinglýst sem kvöð á hina friðlýstu eign. Þetta þýðir m.a. að engar framkvæmdir eða skipulagsaðgerðir, hverju nafni sem nefnast, má í ráðast á hinni friðlýstu eign, þ.m.t. með yfirborðspunga, greftri eða öðru jarðraski, nema í samráði við Minjastofnun og sannanlega að fengnu samþykki stofnunarinnar.

Reykjavík, þann xx október 2018

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður






Fylgiskjal 2

# Lóðauppdráttur 1.140.4

Mælikvarði 1:500 (A3)



X = 22650



Sorpi skal koma fyrir lokuðum ýmum innan lóðarmarka.

Fliðli staðseining og frágangur bílastæða og innkeyrsla skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og samþykktir.

Lóðir eru tölusettar við Aðalstræti, Vallarstræti, Austurvöllur, Þorvaldsenstræti og Veltusund.

### Skýringar

- Lóðarmörk
- Bundin byggingarlína
- (1.234.567) Staðgreininúmer x m<sup>2</sup> Stærð lóðar

### Hnitaskrá

Hnitakerfi Reykjavíkur 1951

| Nr. | X-hnit     | Y-hnit     |
|-----|------------|------------|
| 131 | 22709.2040 | 18162.2370 |
| 132 | 22722.3550 | 18166.8520 |
| 133 | 22722.2610 | 18167.0720 |
| 134 | 22726.2800 | 18168.4820 |
| 135 | 22724.8040 | 18172.4860 |
| 136 | 22747.9730 | 18180.8140 |
| 140 | 22703.9560 | 18177.6050 |
| 169 | 22743.9490 | 18191.7500 |
| 201 | 22878.6050 | 18149.4500 |
| 202 | 22732.2430 | 18152.3140 |
| 204 | 22672.6780 | 18166.5410 |
| 208 | 22757.0440 | 18161.2280 |
| 209 | 22749.6200 | 18181.4060 |
| 210 | 22755.3967 | 18160.6359 |
| 211 | 22756.2080 | 18158.4307 |
| 212 | 22716.8542 | 18144.2854 |
| 213 | 22720.6645 | 18136.0294 |
| 214 | 22726.8662 | 18118.0701 |
| 215 | 22694.3502 | 18106.8418 |
| 216 | 22879.3692 | 18149.7156 |
| 217 | 22764.6578 | 18131.1201 |
| 218 | 22765.5577 | 18133.0175 |
| 260 | 22719.6474 | 18183.1547 |
| 262 | 22723.4461 | 18171.9979 |

Umhverfis- og skipulagssvið, Landuppbyggingadeild, vinnur þennan uppdrátt. Þessi Lóðauppdráttur, gerður 22. 01. 2018, byggir á:


Eldri Lóðauppdráttir, síðast úlgefinn 31.07.2014. Deiliskipulagsreglingu sem samþykkt var í umhverfis- og skipulagsskrá þann 08.07.2017, samþykkt í borgarráði þann 20.07.2017 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 12.01.2018.

Lóðauppdráttur þessi lobbast gildi (gildi mæliblaðs), hvöð varðar lóðirnar Aðalstræti 7, Vallarstræti 4, Þorvaldsenstræti 2-6/Aðalstræti 11 og Víkurgarð, þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt hann og þegar uppdráttinum hefur verið þinglýst, hvöð varðar þessar lóðir. Lóðauppdráttur þessi er nú þegar gildi mæliblaðs hvöð varðar lóðina Aðalstræti 9, sbr. þinglýsta skjal 411-D-21040, dags 24. 08. 1989. Aðrar lóðir á uppdráttinum hafa ekki verið hmisettar.

Aln. 1: Kvöð er um gönguengis milli Vallarstrætis og Víkurgarðs, sjá frekar gildandi deiliskipulag.

Aln. 2: Kvöð er um almenna umferð.

Aln. 3: 2 m breið kvöð GR um lagnir og gröt.



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Landuppbyggingadeild: 22.01.2018



***Borgarráð 4.10.'18: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aukna þjónustu skrifstofu borgarstjórnar við borgarfulltrúa - R18100130***

Flokkur fólksins óskar eftir að fá aukna aðstoð frá skrifstofu borgarstjórnar svo sem lögfræðiaðstoð og aðstoð með texta og prófarkalestur á tillögum og fleira í þeim dúr. Borgarfulltrúar sérstaklega minni flokkanna í minnihlutanum eru undir miklu álagi að sinna öllum skyldum en einnig að halda úti málatilbúnaði og undirbúningi funda. Á skrifstofu borgarstjórnar eru starfsmenn sem borgarfulltrúum var sagt að myndu vera þeim til aðstoðar en aðstoðin er hvorki næg né nógu víðtæk. Sú aðstoð sem hér er beðið um er ekki þar innifalin. Nauðsynlegt er að útvíkka þessa aðstoð þannig að borgarfulltrúi geti leitað til skrifstofunnar eftir lagalegri ráðgjöf og aðstoð við undirbúning mála, tillagna og fyrirspurna



***Borgarráð 4.10.'18: Tillaga áheyrnarfultrúa Flokks fólksins um bjölluhringingar og flautur á eineltisdaginn - R18100127***

Lagt er til að borgaryfirvöld og þá sérstaklega skóla- og frístundarráð mælist til þess að allar stofnanir og fyrirtæki borgarinnar hringi bjöllum af hvers lags tagi eða þeyti flautur á eineltisdaginn 8. nóvember kl. 13:00. Árið 2009, nánar tiltekið 3. nóvember samþykkti Borgarstjórn Reykjavíkur að helga árlega einn dag í baráttunni gegn einelti. Dagur gegn einelti var fyrst haldinn hátíðlegur 17. mars árið 2010. Árlegur dagur gegn einelti og kynferðisáreiti var haldinn á landsvísu 8. nóvember 2011. Öllum mögulegum klukkum og bjöllum var hringt og flautur þeyttar. Í tilefni dagsins var undirritaður þjóðarsáttmáli um jákvæð samskipti. Að hringja bjöllum er skemmtilegur gjörningur í tilefni þessa mikilvæga dags, gegn einelti og kynferðisofbeldi í öllum aldurshópum





## ***BORGARRÁÐ 4. október 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um jafnræði barna á félagsmiðstöðvum - R18100037***

Tillaga Flokks fólksins að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að öll börn sem sækja félagsmiðstöðvar eigi þess kost að taka þátt í ferðum eða viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar sem þau sækja án tillits til efnahags foreldra þeirra. Flokkur fólksins vill að skerpt sé á reglum um starfsemi félagsmiðstöðva hvað þetta varðar svo það sé ekki á valdi leiðbeinanda hverju sinni hvernig dagskráin er. Kostnaðarsöm dagskrá leiðir án efa oft til þess að börn fátækra foreldra geta ekki tekið þátt. Lagt er til að börnum fátækra foreldra (foreldra sem eru undir framfærsluviðmiði velferðarráðuneytis) verði gert kleift að taka þátt í öllum dagskrárliðum þeim að kostnaðarlausu. Þetta er tryggasta leiðin til að gefa öllum börnum tækifæri til að taka fullan þátt í skipulagðri dagskrá félagsmiðstöðvanna án tillits til kostnaðar.

### **Greinargerð:**

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um að ekki megi mismuna börnum eftir stöðu þeirra og foreldra þeirra. Félagsmiðstöðvar vinna gott starf. Þetta er félagslegt athvarf fjölmargra barna sem njóta þess að koma saman og gera skemmtilega hluti saman. Félagsmiðstöðvar hafa ídulega mikla og metnaðarfulla dagskrá sem útheimtir sjaldnast mikinn ef nokkurn kostnað. Nokkuð hefur borið á því engu að síður að börn eru beðin að koma með pening til að standa straum af kostnaðasamari viðburðum og ferðum. Segir í reglum um félagsmiðstöðvar að reynt sé að dreifa kostnaðinum sem jafnast yfir vetrarmánuðina.

Á tímabilinu janúar-maí 2018 voru börn þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu samtals 489 eða tæplega 2% af öllum börnum 17 ára og yngri í Reykjavík. Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn Flokks fólksins um fjölda barna undir framfærsluviðmiðum velferðarráðuneytisins. Langflest eða 153 búa í Breiðholti. Því má við bæta að fjöldi barna eftir þjónustumiðstöðvum og fjöldi barna per foreldra með fjárhagsaðstoð af einhverju tagi hjá velferðarsviði Reykjavíkur er 784, flest í Breiðholti eða 218 og fæst í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Af þessu sést að aðstæður barna eru ekki einungis mismunandi almennt séð heldur eru þær einnig mismunandi eftir hverfum.

Lagt er til börnin sem hér um ræðir séu undir engum kringumstæðum krafín um að greiða þátttökugjald af neinu tagi hvort sem um er að ræða viðburði eða ferðir á vegum félagsmiðstöðva. Foreldrar þessara barna eru að berjast í bökkum við að ná endum saman og eiga oft enga möguleika á að reiða fram aukafé sem félagsmiðstöðvar fara fram á börn komi með þegar til standa viðburðir eða ferðir á þeirra vegum.

Efnahagsþrengingar foreldra hafa ídulega mikil og alvarleg áhrif á börnin í fjölskyldunni. Fólk sem er með tekjur að upphæð u.þ.b. 250-300.000 kr. á mánuði á þess engan kost að ná endum saman ef leiguverð húsnæðis er einnig innifalið í þeirri upphæð. Skuldir og fjárhagsstaða foreldra mega ekki bitna á börnum.

Það er skylda okkar sem samfélags að sjá til þess að börnum sé ekki mismunað á grundvelli fjárhagsstöðu foreldra þeirra. Að mismuna börnum vegna fjárhagsstöðu foreldra samræmist ekki 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um jafnræði – banni við mismunun af nokkru tagi án tillits til m.a. félagslegra aðstæðna. Börn fátækra foreldra sitja

ekki við sama borð og börn efnameiri foreldra. Þau fá t.d. ekki sömu tækifæri til tómstunda. Félagsmiðstöðvar eru stundum eina tómstund þessara barna. Börn sem alin eru upp við fátækt og skort af einhverju tagi fá sig oft ekki til að biðja foreldrana um peninga því þau vita að þeir eru ekki til. Það er okkar ábyrgð að gera allt sem við getum til að koma barni ekki í slíkar aðstæður.

***BORGARRÁÐ 11. október 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um skipun vagnstjóra í stjórn Strætó bs. - R18100187***

Lagt er til að fjölgað verði í stjórn Strætó bs. svo hægt sé að skipa a.m.k. tvo strætisvagnabílstjóra í stjórn Strætó bs., með málfrelsi, atkvæðis- og tillögurétt. Strætisvagnabílstjórar sinna svo til allri þeirri þjónustu sem Strætó bs. veitir og því er mikilvægt að þeir komi að borðinu þar sem ákvarðanir eru teknar um uppbyggingu og starfsemi fyrirtækisins. Aukið vinnustaðalýðræði skapar betra starfsumhverfi og betra fyrirtæki.

**Greinargerð:**

Líkt og fram kemur á vefsvæði Strætó er Strætó bs. í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Stjórn Strætó er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi. Þar er kveðið á um að fulltrúinn skuli vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri viðkomandi sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitarstjórn tilnefnir. Lagt er til að þeim viðauka verði bætt við að í stjórn skuli einnig sitja a.m.k. tveir strætisvagnabílstjórar og tveir til vara. Starfsemi Strætó byggir í megindráttum á starfsemi vagnstjóranna og mikilvægt er að þeir komi að ákvarðanatöku stjórnarinnar varðandi mál sem hafa áhrif á vagnstjórana sjálfa. Þannig getur starfsfólk fyrirtækisins komið sínum áherslum milliliðalaust til stjórnar Strætó bs. Aukin lýðræðisvæðing innan fyrirtækja bætir starfsumhverfi, þjónustu Strætó og framtíðaruppbyggingu almenningssamgangna. Stjórn Strætó ætti ekki að endurspeglja það stjórnskipulag sem hefur einkennt einkafyrirtæki. Slíkt fyrirkomulag hefur einkenst af því að í stjórn sitja einungis fulltrúar eigandans, sem gæta einungis hagsmuna hans, með það að markmiði að ná sem mestu fé upp úr rekstrinum og færa eigendum í formi arðs. Slíkt fyrirkomulag hentar opinberum rekstri engan veginn. Það ætti að vera reglan í opinberum rekstri að í stjórnnum stofnana og opinberra fyrirtækja sætu fulltrúar starfsfólks, notenda þjónustunnar og almennings.





***Borgarráð 4.10.'18: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á leikskóla og skólahúsnæði - R18100131***

Í ljósi alvarlegs atviks og bruna í Laugarlækjarskóla er lagt til að farið verði í úttekt á öllu leikskóla og skólahúsnæði í borginni hið fyrsta. Gera verður ríkar öryggiskröfur í húsnæði með starfsemi fyrir börn.



**Frá:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <[sigrunhelga@althingi.is](mailto:sigrunhelga@althingi.is)>

**Sent:** fimmtudagur, 4. október 2018 15:01

**Efni:** Frá nefndasviði Alþingis - 9. mál til umsagnar

4. október 2018

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til frumvarp til laga um mannanöfn, 9. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 18. október á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0009.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

[www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html](http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html)

Bestu kveðjur,  
Sigrún Helga

---

**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

ritari

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

[sigruns@althingi.is](mailto:sigruns@althingi.is)

[www.althingi.is](http://www.althingi.is)

s. 563-0500





***Borgarráð 4.10.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna bragga í Nauthólsvík - R17080091***

Hverjir höfðu umsjón með endurbyggingu braggans í Nauthólsvík? Var verkefnið boðið út að hluta til eða öllu leyti? Hvaða verktakar unnu verkið? Samþykkti borgarstjóri reikningana áður en greitt var? Óskað er eftir að fá afrit af samstarfssamningi Reykjavíkurborgar við Háskólann í Reykjavík um endurbyggingu braggans í Nauthólsvík. Óskað er eftir að fá afrit af öllum samþykktum þeirra ábyrgðaraðila innan borgarkerfisins sem samþykktu útgjaldaliði af hálfu borgarinnar umfram kostnaðaráætlun. Óskað er eftir að lagðar séu fram hönnunarfundargerðir og verkfundargerðir. Hverjar voru hönnunarforsendur fyrir endurbyggingu braggans í Nauthólsvík? Hverjar voru forsendurnar að vali ráðgjafa, voru þeir valdir vegna sérþekkingar sinnar á endurbyggingu bragga af þessu tagi eða vegna sérþekkingar þeirra á eldri húsum almennt? Á hvaða grundvelli var samið við þessa ráðgjafa? Hver ber ábyrgð á þessari framúrkeyrslu? Fyrir hönd verkkaupa og skattgreiðenda. Hver breytti forsendum þannig að kostnaðaráætlunin fór svona úr böndum? Hver hafði yfirsýn yfir framvinduna? Hver gaf leyfi til að haldið yrði áfram þegar ljóst var að áætlunin stóðst ekki? Er sama fastanúmer á öllum þremur húsum?





***Borgarráð 4.10.'18: Fyrirspun borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sundurliðaða úttekt vegna bragga í Nauthólsvík - R17080091***

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir sundurliðaðri úttekt um hverjir þáðu greiðslur og fyrir hvað við endurgerð braggans í Nauthólsvík.



***Borgarráð 4.10.'18: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna samninga við verktaka vegna bragga í Nauthólsvík - R17080091***

Hvað er hæft í því að fyrrverandi starfsmanni Reykjavíkurborgar hafi verið falið að semja við verktaka vegna braggans í Nauthólsvík fyrir hönd Reykjavíkurborgar án undirritaðs samnings og samið við viðkomandi um tímakaup í gegnum tölvuskeyti? Hver veitti fyrrverandi starfsmanni Reykjavíkurborgar umboð til að semja við verktaka án þess að það hafi verið undirritaður samningur við borgina?



***Borgarráð 4.10'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um eignaumsýsluverkefni sem vistuð eru á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar - R18100133***

Óskað er eftir yfirliti yfir öll verkefni sem vistuð eru á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar er snúa að eignaumsýslu borgarinnar



***Borgarráð 4.10.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um verkefnið viti við Sæbraut - R18100135***

1. Hver er heildarkostnaður Faxaflóahafna í verkefninu viti við Sæbraut? 2. Hver er heildarkostnaður Reykjavíkurborgar í verkefninu? 3. Hvaða hluti verkefnisins er greitt af Faxaflóahöfnum? 4. Hvaða hluti verkefnisins er greiddur af Reykjavíkurborg? 5. Var verkið boðið út samkvæmt innkaupareglum Reykjavíkurborgar og lögum um opinber fjármál? 6. Hefur verkefnið dregist miðað við upphaflegan tíma um verklok? 7. Hvenær eru áætluð verklok? 8. Hvernig skiptist kostnaðurinn á milli Faxaflóahafna og borgarinnar í þessu verkefnum?





***Borgarráð 4.10.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vináttuverkefni Barnaheilla - R18090078***

Býður borgin þeim leik- og grunnskólum sem óska eftir að vinna með vináttuverkefni Barnaheilla að greiða kostnað við verkefnið, t.d. námskeið fyrir leikskólakennara og/eða starfsfólk og efni: töskur, bangsa og bækur, að hluta til eða öllu leyti? Ef að hluta til, hversu stór hluti er það?



***Borgarráð 4.10.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna svars við fyrirspurn um hreyfingu á íbúðum hjá Félagsbústöðum - R18080196***

1. Óskað er eftir sundurliðun á hvers lags viðgerðir eru í gangi á þessum 90 íbúðum. 2. Hvenær hófust viðgerðir? 3. Á hvaða stigi eru þær? 4. Hvenær verður þeim lokið? 5. Af hverju eru svo margar íbúðir óstandsettar? 6. Hverjar eru ástæðurnar?



***Borgarráð 4.10.'18: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstrarerfiðleika hjá verktökum Strætó - R18100132***

Fram hefur komið í fjölmiðlum að miklir rekstrarerfiðleikar séu hjá verktökum sem starfa fyrir Strætó bs. Jafnframt að einn þeirra hafi fengið beiðni um gjaldþrot frá Tollstjóra. Þessar upplýsingar hafa eingöngu borist okkur kjörnum fulltrúum í gegnum fjölmiðla og er óskað eftir skýringum frá Strætó bs. enda varðar þetta viðkvæma þjónustu við fatlað fólk. Þá er rétt að ítreka að sú staða að Reykjavíkurborg hafi bara einn stjórnarmann er ólíðandi og ólýðræðisleg, og stjórnarandstöðu gert erfiðar um vik að rækja sitt hlutverk en ábyrgð meirihlutans er þess meiri fyrir vikið.



***Borgarráð 4.10.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokk Íslands um stofnun félags strætófarþega - R18060132***


Var niðurstaða stjórnar Strætó bs. um að ekki væri talin þörf á stofnun félags strætófarþega, tekin í samráði við Hollvínasamtök Strætó (samtök sem vilja tala fyrir hagsmunum notenda Strætó)?







Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur



Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar  
Um er að ræða lægstbjóðendur nema annað sé tekið fram.

**Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í september 2018**

| Teg. verks / vöru / þjónustu      | Seljandi / samn.aðili | Samnings-<br>verð án vsk | Kostn.áætl.<br>án vsk | Teg. samn./<br>samn.tími | Innkaup /<br>útboð /<br>fyrirspurn | Hver tók<br>ákvörðun      |
|-----------------------------------|-----------------------|--------------------------|-----------------------|--------------------------|------------------------------------|---------------------------|
| Cisco umbrella<br>hugbúnaðarleyfi | Advania Ísland<br>ehf | 13.860.693               | 13.709.677            | Pöntun                   | Útboð                              | Innkauparáð               |
| Cisco fjarfundabúnaður            | Sensa ehf             | 4.797.567                | 4,3 m.kr.             | Pöntun                   | Verðfyrirspurn                     | Upplýsingatækni-<br>deild |
| IBM hugbúnaðarleyfi               | Origo hf              | 5.061.989                | 5,6 m.kr.             | Pöntun                   | Verðfyrirspurn                     | Upplýsingatækni-<br>deild |

**Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar í september 2018**

| Teg. verks / vöru / þjónustu                              | Seljandi / samn.aðili  | Samnings-<br>verð | Kostn.áætl. | Teg. samn./<br>samn.tími | Innkaup /<br>útboð /<br>fyrirspurn | Hver tók<br>ákvörðun                    |
|---|------------------------|-------------------|-------------|--------------------------|------------------------------------|---|
| Borð í borgarstjórnar-<br>salinn - Smíði og<br>uppsetning | Trésmiðjan Borg<br>ehf | 15,7 m.kr.        | 27.500.000  | Afhending<br>des.2018    | Verðfyrirspurn /<br>Samn.kaup      | skrifstofa eigna- og<br>atvinnu-þróunar |

*Guðbjörg Eggertsdóttir*

Guðbjörg Eggertsdóttir  
innkaupadeild Reykjavíkurborgar



**From:** Sigthor Magnusson <[sigthorm@gmail.com](mailto:sigthorm@gmail.com)>  
**Reply-To:** "[sigthorm@gmail.com](mailto:sigthorm@gmail.com)" <[sigthorm@gmail.com](mailto:sigthorm@gmail.com)>  
**Date:** Friday, 28 September 2018 at 11:07  
**To:** Björn Gíslason <[Bjorn.Gislason@reykjavik.is](mailto:Bjorn.Gislason@reykjavik.is)>, Dóra Björt Guðjónsdóttir <[Dorabjort@reykjavik.is](mailto:Dorabjort@reykjavik.is)>, Egill Þór Jónsson <[Egill.Thor.Jonsson@reykjavik.is](mailto:Egill.Thor.Jonsson@reykjavik.is)>, Eyþór Laxdal Arnalds <[Eythor.Laxdal.Arnalds@reykjavik.is](mailto:Eythor.Laxdal.Arnalds@reykjavik.is)>, Guðrún Ögmundsdóttir <[Gudrun.Ogmundsdottir@reykjavik.is](mailto:Gudrun.Ogmundsdottir@reykjavik.is)>, Heiða Björg Hilmisdóttir <[Heida.Bjorg.Hilmisdottir@reykjavik.is](mailto:Heida.Bjorg.Hilmisdottir@reykjavik.is)>, Hildur Björnsdóttir <[Hildur.Bjornsdottir2@reykjavik.is](mailto:Hildur.Bjornsdottir2@reykjavik.is)>, Hjálmar Sveinsson <[Hjalmar.Sveinsson@reykjavik.is](mailto:Hjalmar.Sveinsson@reykjavik.is)>, Katrín Atladóttir <[Katrín.Atladottir@reykjavik.is](mailto:Katrín.Atladottir@reykjavik.is)>, Kolbrún Baldursdóttir <[Kolbrun.Baldursdottir@reykjavik.is](mailto:Kolbrun.Baldursdottir@reykjavik.is)>, Kristín Soffía Jónsdóttir <[Kristin.Soffia.Jonsdottir@reykjavik.is](mailto:Kristin.Soffia.Jonsdottir@reykjavik.is)>, Líf Magneudóttir <[Lif.Magneudottir@reykjavik.is](mailto:Lif.Magneudottir@reykjavik.is)>, Marta Guðjónsdóttir <[Marta.Gudjonsdottir@reykjavik.is](mailto:Marta.Gudjonsdottir@reykjavik.is)>, Pawel Bartoszek <[Pawel.Bartoszek@reykjavik.is](mailto:Pawel.Bartoszek@reykjavik.is)>, Sabine Leskopf <[Sabine.Leskopf@reykjavik.is](mailto:Sabine.Leskopf@reykjavik.is)>, Sanna Magdalena Mörtudóttir <[Sanna.Magdalena.Mortudottir@reykjavik.is](mailto:Sanna.Magdalena.Mortudottir@reykjavik.is)>, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir <[Sigurborg.Osk.Haraldsdottir@reykjavik.is](mailto:Sigurborg.Osk.Haraldsdottir@reykjavik.is)>, Skúli Þór Helgason <[Skuli.Helgason@reykjavik.is](mailto:Skuli.Helgason@reykjavik.is)>, Valgerður Sigurðardóttir <[Valgerdur.Sigurdardottir@reykjavik.is](mailto:Valgerdur.Sigurdardottir@reykjavik.is)>, Vigdís Hauksdóttir <[Vigdis.Hauksdottir@reykjavik.is](mailto:Vigdis.Hauksdottir@reykjavik.is)>, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir <[Thordis.Loa.Thorhallsdottir@reykjavik.is](mailto:Thordis.Loa.Thorhallsdottir@reykjavik.is)>, Örn Þórðarson <[Orn.Thordarson@reykjavik.is](mailto:Orn.Thordarson@reykjavik.is)>  
**Subject:** Frá Íbúasamtökum Kjalarness

Ágæti borgarfulltrúi

Aðalfundur Íbúasamtaka Kjalarness gerði eftirfarandi ályktun til borgarstjórnar.

Fundurinn gerði eftirfarandi ályktun til Borgarstjórnar Reykjavíkur.

*Aðalfundur ÍK krefst þess að nú þegar verði gerðar lagfæringar á Vallargrund enda er vegurinn stórhættulegur og hafa starfsmenn borgarinnar ekki undan að gera við holur sem myndast í veginum.*

*Aðfundurinn vekur athygli á að eitt fjölfarnasta útivistarsvæði borgarinnar er við Mógilsá. Þar er nú engin salernisaðstaða utan opnunartíma Esjustofu og nær engin aðstaða til að losna við rusl.*

*Af þessu hlýst nú hin mesti óþrifnaður og krefjast ÍK þess að nú þegar verði gerð gangskör í að koma þssum málum í viðeigandi horf.*

*ÍK undast andvaraleysi borgarinnar í að efna 20 ára gamalt loforð um Sundabraut. Enn á ný hefur borgin hundsáð þetta loforð sem gefið var við sameiningu sveitafélaganna. ÍK krest þess að borgin sýni meiri djörfung í samskiptum sínum við Ríkisstjórnina og komi Sundabraut á framkvæmdaráætlun.*

Virðingarfyllt

fh. Íbúasamtaka Kjalarness.  
Sigþór Magnússon  
formaður ÍK  
s. 597669